

Strandgata 2, eigandi Halldór Hinriksson.

Strandgata 11, eigandi Stefán Höskuldsson.

Strandgata 13, sjóhús, eigendur Stefán Höskuldsson og Garðar og Óskar Lárussynir.

Strandgata 15, sjóhús, eigandi Guðmundur Bjarnason, Strandgötu 10.

Strandgata 17, Nýhöfn, eigandi Guðmundur Bjarnason, Urðarteigi 23.

Strandgata 19, sjó- og fiskverkun, eigandi Ölver h.f.

Strandgata 21, sjóhús, eigandi Db. Gísla Bergsveinssonar.

Hafnarbraut 26, eigendur Myndlistafélagið og Árni Þormóðsson o. fl.

Mýrargata 2, eigandi Haukur Ólafsson.

Mýrargata 8, eigandi Axel Magnússon.

Mýrargata 43, fjárhús og hlaða, eigandi Sigurður Halldórsson.

Skólavegur 1, eigandi Krístrún Guðjónsdóttir.

Þórhólgata 2, eigandi Þóra Þórisdóttir.

Þórhólgata 6, eigandi Birna Magnúsdóttir.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupsstaðar hefur gert samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Bolungarvík.

1. gr.

Félagsmálaráð í umboði bæjarstjórnar fer með yfirstjórn heimilisþjónustunnar í Bolungarvík. Dagleg umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum bæjarstjóra, eða annars starfsmanns er það væri falið sérstaklega.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að veita hjálp á heimilum að tilvísan læknis, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvisunum, sem Félagsmálaráð metur gildar, að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt sem félagsmálaráð metur að nauðsyn sé hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirfarandi atriði:

1. Aðstoð við aldraða, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum, í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist, eða jafnvel koma í veg fyrir hana.
3. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
4. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisaðstoð.

4. gr.

Fyrir heimilisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, skal sá er hjálpar nýtur greiða eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn Bolungarvíkur setur og ráðherra staðfestir.

Heimilt er Félagsmálaráði að vika frá þeirri gjaldskrá til lækkunar, er sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Skrifstofa Bolungarvíkurkaupstaðar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar bæjarsjóðs.

6. gr.

Félagsmálaráð gerir skýrslu um starfsemina fyrir hvert ár og leggur skýrsluna fyrir bæjarstjórn ásamt öðrum ársskýrslum er varða rekstur Félagsmálaráðs.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum, sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist öllum þeim, til eftirbreytni sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið 29. desember 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reyðarfjarðarkauptúni.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Heiðarvegur að Austurvegi verður aðalbraut fyrir öllum aðliggjandi götum.
2. Stöðvunarskylda verður úr Mánagötu gagnvart Austurvegi.
3. Á Brekkugötu skal vera einstefnuakstur frá Búðareyri til austurs.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Reyðarfjarðarkauptúni, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu, 20. desember 1978.

Bogi Nilsson.